



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

SAMÚÐARKVEÐJA TIL FORSETA ÞÝSKALANDS

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson sendi í dag, þriðjudaginn 20. desember, samúðarkveðju til forseta Þýskalands, Joachims Gaucks, vegna ódæðisins sem framið var á útmarkaði í Berlín í gærkvöldi.

Í kveðju forseta segir að fyrir hönd íslensku þjóðarinnar votti hann Þjóðverjum samúð sína og leiti hugurinn til allra þeirra sem nú eigi um sárt að binda í Berlín. „Í okkar huga er árásin ekki aðeins atлага gegn því saklausa fólki sem fyrir henni varð heldur beinist hún gegn dýrmætum gildum og lífsgæðum á borð við frelsi og persónulegt öryggi manna. Þannig verk eru eins andstæð þeim friðarboðskap sem jólin og raunar flest trúarbrögð bera í sér og hugsast getur.“

Þá vitnaði forseti til þýska skáldsins Goethe sem sagði: „Wir hoffen immer, und in allen Dingen ist hoffen besser als verzweifeln“ („Við höldum alltaf í vonina; alltaf er betra að vona en örvænta“).

20. desember 2016

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).